

ÁRSFUNDUR ÍSLANDSSTOFU

19. apríl 2016 kl. 11.00

Grand Hotel

Ávarp utanríkisráðherra

Lilju Alfreðsdóttur

Ath: talað orð gildir

Ágætu fundarmenn,

Það er mér sérstakt ánægjuefni að fá tækifæri að ávarpa ársfund Íslandsstofu hér í dag svo snemma í mínu starfi sem utanríkisráðherra.

Í því umróti sem orðið hefur á síðustu vikum verðum við að gæta þess að missa ekki sjónar af stóru myndinni. Sú mynd er afar jákvæð og þykir mér mikilvægt að draga upp þá sviðsmynd eins og hún horfir við efnahagslífinu. Á síðustu árum hefur Ísland verið á góðri leið og tekið hefur verið á stóru málunum af festu.

Í síðustu viku birtust okkur afar góð tíðindi. Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kynnti lokayfirlýsingu sína um stöðu og horfur á Íslandi þar sem segir að ótvíræður árangur hefur náðst í efnahagslífinu hér á landi. Þar er vísað til þróttmikils hagvaxtar, sem hvílir á mun styrkari stöðum en áður.

Efnahagslífið er í miklum blóma og fyrir utan helstu stoðir atvinnulífsins á Íslandi þá liggur hér til grundvallar sú mikla fjölgun ferðamanna sem við höfum séð á undanförunum árum. Þetta styður við hagvöxtinn og skapar gjaldeyristekjur eins og þeir sem saman komnir eru hér í þessum sal geta borið vitni um.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nefnir auðvitað líka aðgerðir er tengjast slitabúum gömlu bankanna. Þetta var gríðarlega mikilvægur áfangi á þeirri vegferð til endurreisnar sem við erum á. Með þessari aðgerð stjórnvalda náðum við að tryggja að stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálalegum stöðugleika væri ekki raskað vegna slita þrotabúa ásamt því að tryggja sjálfbærni greiðslujöfnunar þjóðarbúsins, verja gjaldeyrisforða, og skapa hvalreka fyrir ríkissjóð.

Aðgerðin mun leiða til verulegrar lækkunar á skuldum ríkissjóðs. Þetta er ekki lítill árangur á stuttum tíma. Eftir þessu er tekið á alþjóðavettvangi. Tíðindin eru þau að við erum komin í kjöraðstæður til að taka lokaskref í losun fjármagnshafta hér á landi.

Ágætu fundargestir,

Við höfum stigið margvísleg skref sem eru mikilvæg okkar efnahagslífi til skemmri og lengri tíma. Við erum á beinni leið en því fylgir líka ábyrgð. Eins og dæmin sanna er auðvelt að misstíga sig í uppsveiflunni. Það væri til einskis sáð ef við ekki gætum að rótunum og förum að öllu með gát.

Staðan er hins vegar góð. Árið 2015 var næst besta ár í sögu Íslands ef horft er á verðmæti vöruútflutnings, landsframleiðsla jókst að raungildi um 4% frá árinu áður, einkaneysla var kröftug og atvinnuleysi dróst saman og er nú ríflega 3%. Hrein skuldastaða þjóðarbúsins hefur ekki verið betri síðan á síldarárunum. Útflutningsverðmæti sjávarafurða námu um 265 milljörðum króna á síðasta ári, sem er þriðja besta ár í sögu íslensks sjávarútvegs, og það

þrátt fyrir víðsjár á mikilvægum mörkuðum og hrakspár því tengt. Það ber að hrósa íslenskum sjávarútvegi fyrir hve vel honum hefur tekist að laga sig að breyttum aðstæðum.

Að sjávarútveginum hafa staðið vissar áskoranir eins og við þekkjum með lokun gjöflla markaða í Rússlandi og Nígeríu. Þetta hefur valdið búsigjum og vanda í einstökum byggðarlögum sem stjórnvöld hafa reynt að mæta. Þetta er staða sem við tökum alvarlega. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem sjávarútvegurinn er í aðstöðu þar sem kreppir að. Sem opið og útflutningsdrifið markaðshagkerfi er Ísland oftast en ekki háð þróun mála á alþjóðavettvangi og pólitískum aðstæðum í viðskiptaríkjum okkar.

Land eins og Ísland, sem byggir sína afkomu á utanríkisviðskiptum mun ávallt verða því háð að markaðir séu stöðugir og ekki síst að efnahagslegur og pólitískur stöðugleiki sé fyrir hendi. En styrkur okkar er einnig fólgin í því hve smá, sjálfstæð og sveigjanleg við erum og hve hratt við getum brugðist við. Á vissan hátt er það öfundsverð staða.

Ísland, líkt og aðrir bandamenn og vinapjóðir, þarf að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Það þýðir hins vegar ekki að við höfum stöðvað samskiptin við ríkin tvö sem ég nefndi hér áðan, þ.e. Nígeríu og Rússland. Þvert á móti höldum við uppi stöðugu samtali við stjórnvöld og hagsmunaaðila í þessum ríkjum, við minnum á okkur, vekjum athygli á því að um gagnkvæma hagsmuni sé að ræða, og ræðum og könnum mögulegar leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum fyrir íslenska útflytjendur. Ég vil undirstrika að ég á ekki von á öðru en að um tímabundið ástand sé að ræða í báðum ríkjum og að við höldum áfram vöku okkar.

Þegar horft er til þessa blasir það við að stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að vinna afar þétt saman þegar kemur að stöðu Íslands og íslenskra fyrritækja á erlendum mörkuðum. Við þurfum að vera samhent í viðbrögðum og

undirbúningi og reyna að sjá til framtíðar þannig að við höfum úr sem flestum körfum að velja fyrir eggin okkar.

Af þessum ástæðum meðal annars höfum við um áratugaskeið haft samstarfsvettvang fyrir útflutnings- og markaðsmál og útflutningsþjónustu, nú Íslandsstofu. Við þurfum að efla þetta samstarf enn frekar.

Í þessu ljósi vil ég hér í dag fara yfir hver eigi að mínu mati að vera næstu skref í þeirri vinnu sem sett var af stað á haustmánuðum 2013 varðandi skoðun á fyrirkomulagi útflutningsþjónustu, þar sem lykilatriði hefur verið og mun áfram verða gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs.

Grunnstefið er að sýnt þykir að við þurfum að halda áfram að auka útflutningsverðmæti vöru og þjónustu til ársins 2030 til að Ísland haldi efnahagslegum styrk miðað við önnur lönd og standi undir þeirri velsæld sem við viljum búa þjóðinni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var kallað eftir auknum útflutningsdrifnum hagvexti. Í því efni var m.a. horft til megingtillagna Mckinsey-skýrslunnar og vinnu sem hefur farið fram við eftirfylgni hennar á vegum Viðskiptaráðs og Samráðsvettvangs um aukna hagsæld.

Starfshópur sem settur var á fót haustið 2013 skilaði ýmsum tillögum í ársbyrjun 2015 sem m.a. snúa að sterkari samstarfsvettvangi stjórnvalda og atvinnulífs og skarpari stefnumótun til langs tíma sem miði að þessu markmiði. Í því efni þurfa allir að leggjast á árarnar og allar atvinnugreinar að koma að borðinu. Hér langar mig að nefna nokkur atriði:

Í fyrsta lagi, til þess að efla stefnumótun til langs tíma, þurfum við öflugra og breiðara samráði stjórnvalda og atvinnulífs. Á sama tíma þurfum við að

hafa sveigjanleika til að bregðast við sérstökum aðstæðum eins og við gerðum svo vel 2010 og höfum uppskorið ríkulega í ferðaþjónustunni.

Með sama hætti þurfum við að hafa sveigjanleika að því er varðar fyrirkomulag útflutningsþjónustu á vegum hins opinbera. Skipulagið ætti fremur að velta á, og styðja við framkvæmd langtímastefnunnar en ekki öfugt. Afar mikilvægt er að tryggja langtímastefnumótuninni nauðsynlega umgjörð að því er varðar pólitíska ábyrgð, fjármögnun og skipulag.

Í öðru lagi er lagt til að í þessu skyni verði komið á samráðsvettvangi stjórnvalda og atvinnulífs, útflutnings- og markaðsráði. Þetta sýnist mér að megi einfaldlega gera innan ramma núverandi laga þar sem gert er ráð fyrir skipan sérstaks ráðgjafaráðs. Hlutverk þessa vettvangs er að móta með Íslandsstofu þessi langtímastefnumið sem ég gat um að framan.

Í þriðja lagi þurfum við einnig að setja niður fyrir okkur fastari mælikvarða til að geta með skýrari hætti greint hvort okkur er að takast það sem við leggjum upp með í okkar stefnumótun.

Að lokum þarf Íslandsstofa að fá skýrleika í sitt rekstrarform en fyrir hefur legið frá því að umboðsmaður Alþingis gaf út sitt álit á árinu 2011 að bregðast þyrfti við með ákveðnari hætti en gert hefur verið.

Ég legg á það ríka áherslu að grunnþátturinn verður áfram náíð og sterkt samstarf stjórnvalda og atvinnulífs og að vettvangur þess verði áfram Íslandsstofa. Jafnframt að atvinnulífið verði áfram hinn mótandi drifkraftur í starfinu.

Í því skyni að viðhalda þessum sterka grunni og að hrinda framangreindum aðgerðum í framkvæmd tel ég mikilvægt að við tökum saman höndum í því efni.

Í þessu sambandi horfi ég til þess að á næstunni munum við skipa nýja stjórn Íslandsstofu sem ég tel að eigi að taka það sem sitt meginhlutverk að hrinda þessum tillögum í framkvæmd og eftir atvikum gera þær breytingar í fyrirkomulagi og starfi sem til þarf í þessu skyni og efla enn frekar það öflugra starf sem unnið er innan veggja Íslandsstofu og úti á mörkuðum.

Í þessu felst að það þarf að horfast í augu við það að ekki verður hjá því komist að taka nú skrefið til fulls og gera rekstrarform Íslandsstofu skýrt. Það felur í sér að ný stjórn hlutist til um að leggja lokahönd á tillögur í þessu efni í samvinnu við stjórnvöld.

Í tengslum við skipan nýrrar stjórnar vil ég stuðla að því að fulltrúar stjórnvalda og atvinnulífs taki saman höndum og geri með sér samkomulag sem ramma inn þau verkefni sem unnið verði að á næstu misserum á vettvangi stjórnar Íslandsstofu til að hrinda framangreindum hugmyndum í framkvæmd.

Þessu til viðbótar taki stjórnin ákvörðun á grundvelli gildandi laga um að setja á fót ráðgjafaráð sem fengið verði það hlutverk sem skýrsla starfshópsins leggur til varðandi útflutnings- og markaðsráð. Með þessu myndast sá vettvangur sem kallað er eftir til að móta stefnu til langs tíma um hvernig við ætlum að auka okkar útflutningsverðmæti á næstu 15 árum.

Jafnframt þessu er mikilvægt að ný stjórn gangi til þess að gera þjónustusamning við ríkið. Slíkur samningur á ekki einvörðungu að marka Íslandsstofu ákveðinn ramma og leggja línur varðandi ráðstöfun opinberra fjármuna heldur einnig um hvernig Íslandsstofa og stjórnvöld vinni saman þegar kemur að stefnumótun, starfi út á mörkuðum, samstarfi við sendifulltrúa Íslands á erlendum vettvangi, viðskiptafulltrúa í sendiráðum, samstarf við einstök fagráðuneyti o.s.frv.

Samhliða þessu og eftir tillögu stjórnar verði sett reglugerð um starfsemina sem m.a. ríkisendurskoðun hefur ítrekað kallað eftir.

Markmiðið með öllu þessu er að gera starf Íslandsstofu öflugra, styrkja stefnumótun og að breikka sóknarleik landsliðs Íslands á erlendum mörkuðum. Ég hvet menn til að sjá þetta ekki sem íþyngjandi heldur miklu fremur sem tækifæri til að efla sóknarleikinn.

Ágætu fundarmenn,

Lykilatriðið í því sem ég hef nefnt hér í dag er samstarf og meira samstarf. Við þurfum að efla okkur, horfa lengra fram í tímann í stefnumótun, leggja niður fyrir okkur áætlanir til lengri tíma á upprennandi mörkuðum. Við þurfum að fjárfesta til framtíðar og vera áræðin.

Þetta snýst um að slípa samstarfsfletina og draga fram þá staði og þau svið þar sem stjórnvöld hafa þætti til mála að leggja sem styðja við starf fyrirtækjanna. Starfið snýst ekki síst um að draga alla saman að borði sem hagsmuna eiga að gæta úti á mörkuðum, eyða tortryggni, brjóta niður múra o.s.frv. Þetta snýst um að vera stoppistöð fyrir fyrirtæki að fóta sig á mörkuðum, fyrir fyrirtæki með nýjar vörur og nýjar lausnir.

Markmiðið okkar allra er það sama, auka veg Íslands og auka hér verðmætasköpun og hagsæld.

Í þessu skyni þurfum við öflugra starfsemi Íslandsstofu þar sem atvinnulíf og stjórnvöld koma saman og vinna að þessum markmiðum eftir fastsettri stefnumótun til langs tíma. Í því starfi hafa allir eitthvað fram að færa enda á Íslandsstofa að vera staður þar sem allar atvinnugreinar í útflutningi finna sér stuðning fyrir sitt markaðsstarf.

Það er í þessum anda sem við viljum fara í þá vinnu sem framundan er við úrvinnslu á tillögum sem snúa að okkar útflutningsþjónustu. Ég legg ríka áherslu á að vinna þetta áfram í því góða samstarfi og því uppbyggilega andrúmslofti sem hefur ríkt í þessari vinnu allt frá upphafi. Þess vegna höfum við haft frumkvæði að því samtali sem er í gangi milli stjórnvalda og fulltrúa atvinnulífsins. Í þeim anda viljum við setja okkar fólk til verka í nýrri stjórn.

Ágætu fundarmenn,

Takk fyrir boðið og ég þakka áheyrnina.